

**ALMENNIR ÞJÓNUSTUSKILMÁLAR
TVG ZIMSEN****INNGANGUR**

TVG Zimsen hf. býður viðskiptamönnum sínum upp á alhliða flutningaþjónustu. Þessir almennu þjónustuskilmálar skulu gilda um þessa flutningaþjónustu, eftir því sem við á, með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í eftirfarandi ákvæðum. Skilmálarnir skiptast í þrjá hluta; inngang, almenn ákvæði og sérstök ákvæði.

1. Skilgreiningar

„**Aðflutningsgjöld**“ þýðir allur tollur og aðrir skattar, gjöld og kostnað sem ber að greiða við tollmeðferð vöru við inn eða útflutning, sem og vextir og kostnaður sem fellur á slík gjöld.

„**Dótturfélag**“ þýðir önnur félag sem félagið á meirihluta í og/eða fer með meirihluta atkvæða og/eða á að fullu hverju sinni.

„**Félagið**“ þýðir TVG Zimsen hf., kt. 650269-4389, Korngörðum 2, 104 Reykjavík, Íslandi og dótturfélag þess, svo og hvern þann sem starfar sem starfs- eða umboðsmaður eða á annan hátt í þágu félagsins eða dótturfélags þess.

„**Landflutningalög**“ þýðir landflutningalög nr. 40/2010 með síðari breytingum, sem og reglugerðir, reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli framangreindra laga.

„**Lofthæðalög**“ þýðir lög um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, sem og reglugerðir, reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli framangreindra laga.

„**SDR**“ er sú alþjóðlega verðmæliseining sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn notar og skal reikna verðmæliseiningu þessa til íslensks gjaldeyris eftir gengi þess dags er greiðsla fer fram.

„**Siglingalög**“ þýðir siglingalög nr. 34/1985 með síðari breytingum, sem og reglugerðir, reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli framangreindra laga.

„**Tollalög**“ þýðir tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum, sem og reglugerðir, reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli framangreindra laga.

„**Tollskjöl**“ þýðir tollskýrsla og önnur skjöl sem láta ber í té við tollafgreiðslu eftir því sem mælt er fyrir um í tollalögum, hvort sem þau eru í bréflugu eða rafrænu formi.

„**Vara**“ þýðir hver sá hlutur eða hlutir sem er andlag þjónustunnar.

„**Viðskiptamaður**“ þýðir einstaklingur eða lögpersóna og merkir þann sem óskað hefur eftir því að félagið inni af hendi tiltekna þjónustu og/eða þann sem móttækur þjónustuna, og/eða þann sem er eigandi vöru sem þjónustan varðar eða á réttindi í henni, svo og hvern sá sem starfar sem starfs- eða umboðsmaður eða á annan hátt í þágu nefndra aðila.

„**Vörureikningur**“ þýðir sá vörureikningur sem liggur til grundvallar tollmeðferð vöru samkvæmt tollalögum og sem viðskiptamaður afhendir félaginu upphaflega í þeim tilgangi að ákveða tollverð viðkomandi vöru, eftir því sem við á, og sá vörureikningur sem hefur að geyma upplýsingar um verðmæti vöru.

„**Þjónusta**“ hefur þá merkingu sem fram kemur í 2. gr. skilmálanna.

2. Þjónusta

Þjónusta þýðir öll sú þjónusta eða verk, eða hluti þeirra, sem félagið tekur að sér fyrir viðskiptamann, þar með taldar en þó ekki tæmandi eftirfarandi tegundir þjónustu sem félagið veitir í starfsemi sinni:

- a) flutningsmiðlun – félagið sem miðlari og milligöngumaður tekur að sér miðlun og milligöngu um flutning vöru milli sendanda og móttakanda, hvort sem er hérlendis eða erlendis, á sjó, landi eða í lofti með þriðja aðila og á ekki aðild að farmsamningi um flutning vöru;
- b) farmflutningur - félagið sem farmflytjandi tekur að sér flutning vöru fyrir viðskiptamann, á aðild að farmsamningi um flutning vöru sem farmflytjandi, og gefur út farmbréf í sínu nafni vegna sjóflutnings, landflutnings og/eða loftflutnings;
- c) tollmiðlun - félagið sem tollmiðlari tekur að sér tollafgreiðslu, tollskjalagerð, tengda ráðgjöf og uppgjör aðflutningsgjalda fyrir hönd viðskiptamanns samkvæmt tollalögum;
- d) vöruhýsing - félagið sem geymslumaður geymir vöru viðskiptamanns;
- e) akstursþjónusta - félagið sem farmflytjandi sækir eða sendir vöru innanlands með bifreið, skipi eða flugvél;
- f) hraðsendingarþjónusta – félagið afhendir hraðsendingu til móttakanda, hvort sem er hérlendis eða erlendis.
- g) umboðsþjónusta fyrir skip – félagið sem milligöngumaður veitir eiganda og/eða útgerðarmanni skips hverskonar hafnarþjónustu við komu þess til Íslands, þar með talið samskipti við hafnaryfirvöld, tollayfirvöld, Útlendingastofnun og aðrar stofnanir ásamt milligöngu um kaup eiganda og/eða útgerðarmanns skips á þjónustu af ýmsu tagi, svo sem kosti, eldsneyti, vatni, úrgangslosun, viðgerðum, áhafnarskiptum, lækniþjónustu o.s.frv.

3. Gildissvið

Skilmálar þessir skulu gilda um þjónustu sem félagið tekur að sér fyrir viðskiptamann, hvort sem greitt er fyrir hana eða ekki.

Almenn ákvæði þessara skilmála gilda um alla þjónustu félagsins til viðskiptamanns og allar þjónustutegundir, nema annað leiði af sérstökum ákvæðum skilmálanna. Sérstök ákvæði skilmálanna gilda sérstaklega um tilteknar þjónustutegundir félagsins. Sé af einhverjum ástæðum ósamræmi milli almennra og sérstakra ákvæða þessara skilmála, skulu sérstöku ákvæðin ganga framfar.

Komi til þess að ósamræmi sé annars vegar á milli skilmála þessara og hins vegar ófrávíkjanlegra laga, farmbréfa félagsins, og/eða annarra skriflegra skilmála félagsins sem sérstaklega hefur verið samið um að gildi um réttarsamband aðila, þá skulu skilmálar þessir víkja fyrir nefndum lögum og sérskilmálum.

Skilmálar þessir skulu gilda um réttarsamband viðskiptamanns og félagsins. Þá gilda skilmálarnir einnig um réttarsamband félagsins og annarra hlutaðeigandi aðila, svo sem eiganda vöru, sé slíkur aðili ekki jafnframt viðskiptamaður.

Skilmálar þessir, þar á meðal undanþágur frá ábyrgð, varnir, réttindi og ábyrgðartakmarkanir, skulu gilda í hvers kyns málarekstri gegn félaginu hvort sem krafan byggist á samningi eða skaðabótaskyldum verknaði utan samninga og jafnvel þótt bótaskylda stofnist vegna ásetnings eða stórfellds gáleysis eða höfnun samnings eða verulegra vanefnda.

4. Gildistaka

Skilmálarnir skulu taka gildi frá og með 1. janúar 2019 og skulu gilda um alla þjónustu sem fellur undir skilmálana frá og með þeim degi.

Sérhver tilvísun til þjónustuskilmála í hvers konar samningum sem TVG Zimsen hefur gert við viðskiptamenn sína eða annars staðar skal frá og með 1. janúar 2019 vera tilvísun til þessara þjónustuskilmála félagsins.

Félagið áskilur sér rétt til þess að breyta þessum skilmálum hvenær sem er. Breytingar skulu taka gildi frá og með þeim degi er breyttir skilmálar eru birtir á vefsíðu félagsins.

ALMENN ÁKVÆÐI

5. Eðlileg og vandvirk þjónusta

Félagið skuldbindur sig til þess að veita þá þjónustu, sem það tekur að sér fyrir viðskiptamann á eðlilegan og vandvirkan hátt.

6. Þóknun

Viðskiptamaður skal greiða félaginu þóknun fyrir þau verk og þá þjónustu sem félagið veitir viðskiptamanni. Jafnframt skal viðskiptamaður endurgreiða félaginu allan kostnað sem félagið hefur greitt fyrir hönd viðskiptamanns. Miða skal þóknun og greiðslu hennar við gildandi gjaldskrá félagsins á hverjum tíma og/eða gjaldskrár undirverktaka og samstarfsaðila félagsins hverju sinni ef ekki er um annað samið. Gjöld í erlendum gjaldmiðlum skulu umreiknuð í íslenskar krónur samkvæmt skráðu miðgengi viðkomandi gjaldmiðils hjá Thomson Reuters (www.reuters.com/markets/currencies) að viðbættu 3,5% gengisálagi.

Hafi þóknun og/eða útlagður kostnaður ekki verið greiddur á gjalddaga er félaginu heimilt að krefja viðskiptamann um dráttarvexti eins og þeir eru á hverjum tíma frá gjalddaga og allan innheimtukostnað sem kann að falla til.

7. Ábyrgð félagsins, upphaf og lok ábyrgðar

7.1 Ábyrgð

Félagið ber skaðabótaábyrgð eftir almennum reglum skaðabótaréttar á beinu tjóni viðskiptamanns, sem rekja má til ásetnings eða stórfellds gáleysis félagsins eða manna sem það ber ábyrgð á, með þeim undantekningum sem fram koma í skilmálum þessum. Sönnunarbyrði um skaðabótaábyrgð félagsins hvílir á þeim sem heldur því fram að félagið beri ábyrgð.

7.2 Upphaf ábyrgðar

Sé um að ræða meðhöndlun vöru eða þjónustu vegna vöru skal upphaf ábyrgðar eftir 7.1 miðast við þann tíma þegar félagið hefur fengið vöru afhenta í vörslur sínar. Í öllum öðrum tilvikum skal upphaf ábyrgðar miðast við þann tíma er viðkomandi þjónusta hófst.

7.3 Lok ábyrgðar

Sé um að ræða meðhöndlun vöru eða þjónustu vegna vöru skal lok ábyrgðar eftir grein 7.1 miðast við þann tíma þegar vara hefur verið afhent viðskiptamanni eða þegar vöruna bar að afhenda honum. Í öllum öðrum tilvikum skal lok ábyrgðar miðast við þann tíma er viðkomandi þjónusta er lokið.

8. Fjárhæð bóta og undanþága frá ábyrgð

8.1 Ákvörðun bótafjárhæðar

Þegar félaginu ber að greiða bætur vegna taps eða skemmda á vöru ber að reikna fjárhæð slíkra bóta eftir verðmæti vörunnar samkvæmt vörureikningi. Liggi verðmæti vörunnar samkvæmt vörureikningi ekki fyrir skulu slíkar bætur reiknaðar eftir verðmæti vöru sömu tegundar og af sömu gæðum þegar tjónið átti sér stað. Sönnunarbyrðin fyrir verðmæti vöru samkvæmt framansögðu hvílir á viðskiptamanni.

Bætur vegna hlutatjóns ber að reikna hlutfallslega, þó þannig að bætur vegna hlutatjóns geta aldrei numið hærri fjárhæð en ef varan hefði orðið fyrir altjóni.

8.2 Tafir, seinkun

Félagið ber ekki undir neinum kringumstæðum ábyrgð á beinu, óbeinu eða afleiddu tjóni, kostnaði eða skemmdum sem orsakast vegna tafa eða seinkana. Jafnframt ábyrgist félagið ekki að vörur, skjöl eða annað komi til tiltekins staðar á ákveðnum tíma eða nái sérstökum markaði eða notkun, nema um slíkt hafi sérstaklega verið samið fyrirfram með skriflegum hætti.

8.3 Óbeint eða afleitt tjón

Félagið ber ekki undir neinum kringumstæðum ábyrgð á óbeinu eða afleiddu tjóni eða ágóðatapi viðskiptamanns. Félagið ber heldur ekki ábyrgð á greiðslu bóta vegna ófjárhagslegs tjóns, fornmunaverðmætis, tilfinningalegra verðmæta eða annarra sérstakra verðmæta.

8.4 Ábyrgðarleysisástæður

Félagið ber ekki undir neinum kringumstæðum ábyrgð á neins konar tjóni sem rekja má til einhverra neðangreindra atvika, sem þó eru ekki tæmandi talning á þeim atvikum sem félagið ber ekki ábyrgð á:

- a) bruna, sprengingu eða vatnstjóns, nema slíkt verði rakið til stórfellds gáleysis eða ásetnings félagsins;
- b) ófullnægjandi eða gölluðum umbúðum eða merkingum á vöru;
- c) gáleysi eða ásetningi viðskiptamanns;
- d) meðferð, lestun, losun eða hleðslu vöru t.d. í gám eða á vörubretti, sem viðskiptamaður hefur framkvæmt;

- e) bilunum, gangtruflunum, rafmagnsleysi eða öðru því sem leiðir til þess að frystigeymslur, frystigámar, kranar, ökutæki eða önnur tæki félagsins bili eða starfi ekki eðlilega, nema slíkt verði rakið til stórfellds gáleysis eða ásetnings félagsins;
- f) röngum eða ófullnægjandi upplýsingum eða gögnum frá viðskiptamanni;
- g) gagna eða upplýsinga sem viðskiptamaður hefur leynt félaginu;
- h) viðskiptamaður sinnir ekki upplýsingaskyldu gagnvart yfirvöldum eða tregðast við að veita aðstoð sem honum ber að veita viðeigandi yfirvöldum samkvæmt lögum og reglum;
- i) vanskila viðskiptamanns með þjónustugjöld, aðflutningsgjöld, dráttarvexti eða annan kostnað og/eða önnur gjöld;
- j) brota viðskiptamanns á ákvæðum skilmála þessara og/eða hvers konar samningi aðila og/eða umboði vegna tollmiðlunar;
- k) stöðvun eða takmörkun vinnuafis, verkföllum eða verkbönnum, hvort sem félagið á hlut að máli eða ekki og hvort sem framangreint er löglegt eða ólöglegt; eða
- l) óviðráðanlegra ytri atvika, sem ekki verður séð fyrir og ekki er unnt að koma í veg fyrir (*force majeure*), eða öðrum þeim ytri aðstæðum sem félagið ræður ekki yfir.

8.5 Eigin sök viðskiptamanns

Bætur til viðskiptamanns skal lækka eða þær felldar niður ef sannað er að viðskiptamaður hefur verið meðvaldur að tjóninu vegna ásetnings eða gáleysis. Auk þess ber viðskiptamanni í öllum tilvikum að takmarka tjón sitt í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttar.

8.6 Vextir

Ekki skal kom til greiðslu vaxta af kröfum á hendur félaginu fyrr en frá uppkvaðningu dóms.

9. **Ábyrgðartakmörkun**

Fjárhæð skaðabóta sem félagið kann að bera ábyrgð á eftir ákvæðum þessa skilmála, sbr. 7. og 8. gr. þeirra, skal ekki undir neinum kringumstæðum vera hærri en sem hér segir í þessu ákvæði skilmálanna.

9.1 Einstök takmörkun

Sé um að ræða meðhöndlun vöru eða þjónustu vegna vöru geta bætur vegna skemmda eða taps á vöru ekki orðið hærri en sem nemur 2 SDR fyrir hvert kílógramm brúttó þunga vöru sem tapast eða skemmist eða 667 SDR fyrir hvert stykki eða einingu hvort heldur sem hærra reynist. Bæturnar geta þó aldrei orðið hærri en verðmæti vörunnar, eins og það er ákveðið eftir grein 8.1.

Við ákvörðun á því hvað telst vera eitt stykki eða eining, skal miða við það sem fram kemur í kvittun fyrir móttöku vöru eða ef slík kvittun er ekki gefin út, það sem fram kemur í farmbréfi vegna flutnings vörunnar, ef það hefur verið gefið út.

Í öllum öðrum tilvikum og þegar ekki er hægt að staðreyna þyngd og/eða stykkjatölu vöru geta bæturnar ekki orðið hærri en sem nemur 7.500 SDR vegna hvers tjóns eða fleiri tjóna viðskiptamanns ef orsök þeirra er sú sama.

9.2 Allsherjar takmörkun

Ábyrgð félagsins gagnvart öllum viðskiptamönnum sínum skal vera takmörkuð við 100.000 SDR vegna allra krafna sem rísa vegna eins og sama atburðar. Heimild til takmörkunar eftir þessari grein skal vera fyrir hendi án tillits til þess á hvaða grundvelli ábyrgðin hvílir. Sérhver fjárhæð, sem sætir takmörkun ábyrgðar samkvæmt þessari grein, skal skiptast milli kröfuhafa að tiltölu við kröfur þeirra.

Ákvæði þetta stendur ekki í vegi fyrir því að grein 9.1 sé beitt í því skyni að takmarka ábyrgð félagsins gagnvart viðkomandi viðskiptamanni.

10. Skyldur og ábyrgð viðskiptamanns

Viðskiptamaður ber skaðabótaábyrgð gagnvart félaginu eftir almennum reglum skaðabótaréttar.

Viðskiptamaður ábyrgist að hann sé eigandi eða réttshafi vöru sem afhent er félaginu eða að hann hafi fullt umboð frá eiganda vörunnar til þess að biðja um tiltekna þjónustu og samþykkja þessa skilmála fyrir hönd eiganda vörunnar.

Viðskiptamaður ber ábyrgð á því að öllum innlendum og erlendum lögum, reglum og hvers konar fyrirmælum yfirvalda varðandi vöruna og þá þjónustu, sem hann óskar eftir að félagið inni af hendi fyrir hann, sé fullnægt eftir því sem við á.

Viðskiptamaður ábyrgist að öll gögn og allar upplýsingar sem hann veitir félaginu og ber að veita, hvort sem þær eru á rafrænu eða skriflegu formi, séu réttar og nákvæmar. Viðskiptamaður gerir sér grein fyrir því að á þessum gögnum og upplýsingum byggir félagið þegar það veitir þjónustu sína.

Viðskiptamaður ber ábyrgð á því að kynna starfs- eða umboðsmönnum sínum eða öðrum sem starfa fyrir hann þessa skilmála.

Viðskiptamanni er auk þess sem að framan greinir skylt að bæta og halda félaginu skaðlausu vegna allra afleiðinga þess að:

- a) upplýsingar og gögn varðandi vöru og/eða annað sem hann gefur félaginu eru rangar, ógreinilegar eða ófullnægjandi;
- b) umbúðir vöru eða merkingar voru lélegar eða ófullnægjandi;
- c) lestun eða hleðslu vöru t.d. á vörubretti eða í gámi, af hálfu viðskiptamanns eða manna á hans vegum var ófullnægjandi;
- d) varan hefur skaðlega eða hættulega eiginleika sem ekki voru tilgreindir sérstaklega;
- e) einhver annar en viðskiptamaður byggir rétt eða heimild á og/eða fer eftir upplýsingum eða ráðleggingum sem félagið hefur veitt viðskiptamanni;
- f) félagið hefur verið, án þess að félagið hafi að öðru leyti bakað sér ábyrgð, gert skylt að greiða aðflutningsgjöld, skatta eða önnur opinber gjöld; eða
- g) viðskiptamaður vanefnir og/eða brýtur gegn ákvæðum þessara skilmála.

11. Haldsréttur

Félagið skal eiga haldsrétt í öllum vörum og skjölum vegna varanna, sem eru í vörslum félagsins, vegna allra krafna þess á hendur viðskiptamanni vegna varanna og vegna allra annarra krafna á hendur honum, sem ekki tengjast vörunum á nokkurn hátt.

Ef félagið hyggst beita framangreindum haldsrétti skal það tilkynna viðskiptamanni skriflega um slíkt. Í tilkynningunni skal gera almenna grein fyrir tilefni viðkomandi aðgerðar ásamt fjárhæð kröfunnar eða samtölu ef um fleiri kröfur er að ræða.

Komi til þess að viðskiptamaður greiði ekki kröfuna í kjölfar framangreindrar tilkynningar er félaginu heimilt að selja vöruna á hvern þann hátt sem félagið telur að sé hagstæðast hverju sinni, á kostnað og áhættu viðskiptamanns og án þess að tilkynna viðskiptamanni það sérstaklega.

Nægi afraksturinn af sölu vörunnar ekki til gera upp kröfuna, á félagið rétt á að fá mismuninn greiddan úr hendi viðskiptamanns ásamt vöxtum og kostnaði. Verði hins vegar afgangur af sölu, eftir að búið er að gera upp kröfuna ásamt vöxtum og kostnaði, skal hann greiddur viðskiptamanni.

12. Ráðning undirverktaka

Félaginu er heimilt að ráða undirverktaka á hvaða skilmálum sem er til að annast þau störf og þá þjónustu sem félagið tekur að sér gagnvart viðskiptamanni. Allir starfsmenn félagsins og undirverktakar þess eiga rétt á að bera fyrir sig öll ákvæði skilmála þessa, eftir því sem við á, enda gerir félagið samning við viðskiptamann um viðkomandi þjónustu bæði fyrir sína hönd og sem umboðsaðili og fulltrúi slíkra starfsmanna og undirverktaka.

13. Tilkynningar

Ef gert er ráð fyrir í skilmálum þessum að annar hvor aðili skuli senda gagnaðila tilkynningu, hverju nafni sem hún nefnist, þá skal hún send af stað með sannanlegum hætti til þess heimilisfangs sem aðilar hafa gefið upp eða lögheimili þeirra, eins og það er skráð þegar tilkynning er send af stað. Sé þess gætt skal tilkynningin hafa þá þýðingu og þau réttaráhrif sem henni er ætlað að hafa jafnvel þótt hún komi afbökðu, of seint eða alls ekki til viðtakanda.

14. Tjónstilkynning og fyrning kröfu

Viðskiptamaður skal senda félaginu skriflega tilkynningu um tjón, sem hann telur að félagið beri ábyrgð á, jafnskjótt og tjónsins verður vart og í síðasta lagi áður en liðnir eru tíu (10) dagar frá því að hann vissi eða mátti vita um tjónið. Í framangreindri tilkynningu skal koma skýrt fram um hvaða vöru og/eða þjónustu er að ræða, fjárhæð bótakröfu ef kostur er auk rökstuðnings fyrir kröfunni á hendur félaginu. Sé ekki tilkynnt um tjón samkvæmt framansögðu skal réttur viðskiptamanns til þess að krefja félagið um bætur vegna atviksins falla niður sökum tómlætis.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði um tilkynningu skulu allar kröfur á hendur félaginu falla niður sökum fyrningar innan eins (1) árs frá þeim tíma sem hér segir:

- a) ef um er að ræða kröfu vegna tjóns eða skemmda á vöru, frá afhendingu vörunnar eða þeim degi er félaginu bar að afhenda viðskiptamanni vöruna;
- b) ef um er að ræða tollmiðlun samkvæmt 19. gr. skilmálanna, frá þeim degi er tollskýrsla var send af stað til tollyfirvalda, hvort sem það var með SMT sendingu eða með öðrum hætti; eða
- c) ef hvorugt á við, frá þeim degi er viðkomandi þjónusta var innt af hendi.

Að öðru leyti skulu almennar reglur laga um fyrningu kröfuréttindi nr. 150/2007 með síðari breytingum gilda um fyrningu krafna samkvæmt þessum skilmálum.

15. Vanefndarúrræði og uppsögn

Vanefni viðskiptamaður verulega skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum eða einhvern samning sinn við félagið, og/eða umboð um tollmiðlun, er félaginu heimilt að rifta samningi aðila og/eða umboði um tollmiðlun fyrirvaralaust.

Ef vanefndir eru ekki verulegar skal félaginu heimilt að segja upp samningi aðila og/eða umboði um tollmiðlun með fimmtán (15) daga fyrirvara og skal tilkynning þess efnis send viðskiptavini á sannanlegan hátt, með áskorun um úrbætur innan ofangreinds frests, en að öðrum kosti falli samningur niður og þar með allar skyldur og öll ábyrgð félagsins.

Í öðrum tilvikum en að ofan greinir skal félaginu heimilt að segja upp samningi aðila og/eða umboði um tollmiðlun með þrjátíu (30) daga fyrirvara.

Þessir skilmálar og ákvæði hans takmarka ekki með neinum hætti rétt félagsins til beitingar vanefndarúrræða eftir almennum lögum og reglum.

16. Lög og varnarþing

Íslensk lög skulu gilda um þessa skilmála og réttarsamband félagsins við viðskiptamann. Mál vegna skilmála þessara skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og öðrum íslenskum áfrýjunardómstólum, eftir því sem við á.

SÉRSTÖK ÁKVÆÐI

17. Flutningsmiðlun

17.1 Val flutningsmáta

Félagið tekur að sér flutningsmiðlun samkvæmt skriflegri beiðni viðskiptamanns. Félagið hefur heimild til þess að velja flutningsmáta og aðra útfærslu þjónustunnar samkvæmt mati félagsins hverju sinni, komi ekki fram skýr krafa eða fyriræli um annað frá viðskiptamanni.

17.2 Staða aðila

Með flutningsmiðlun hefur félagið milligöngu um flutning vöru viðskiptamanns. Þegar félagið annast flutningsmiðlun fyrir viðskiptamann kemur félagið eingöngu fram sem milligönguaðili og umboðsmaður viðskiptamanns gagnvart farmflytjendum og öðrum þriðju aðilum sem taka að sér flutning og/eða aðra þjónustu í tengslum við vöruna. Félagið verður ekki aðili að samningi þeim sem það hefur milligöngu um að koma á milli viðskiptamanns og farmflytjenda eða annarra þriðju aðila.

17.3 Ábyrgð við flutningsmiðlun

Við flutningsmiðlun ber félagið enga ábyrgð á tjóni sem viðskiptamaður kann að verða fyrir vegna hvers konar athafna eða athafnaleysis farmflytjanda eða annarra þriðju aðila sem taka að sér flutning og/eða aðra þjónustu í tengslum við vöruna, svo sem, en þó ekki tæmandi, við gerð farmbréfa, flutninginn sjálfan, lestun, losun, geymslu, tollafgreiðslu eða hvers konar annarrar þjónustu eða verka vegna vöru viðskiptamanns eða með öðrum hætti í hans þágu, nema sannað sé að félagið hafi sýnt af sér verulega vanrækslu við val á farmflytjanda eða öðrum þriðja aðila eða við skipulag flutningsmiðlunar.

Að öðru leyti skulu almenn ákvæði þessara skilmála, þar með talið reglur um ábyrgð sbr. 7. – 9. gr. skilmálanna, gilda um réttarsamband aðila, eftir því sem við á.

18. Farmflutningur

18.1 Farmflytjandi

Félagið tekur að sér farmflutning með skipi, loftfari eða bifreið samkvæmt skriflegri beiðni viðskiptamanns. Sé um slíkt að ræða mun félagið gefa út farmbréf vegna farmflutnings í eigin nafni til viðskiptamanns, hvort sem er farmskírteini eða fylgibréf, eins og nánar er mælt fyrir um í siglingalögum, loftferðalögum eða landflutningalögum, eftir því sem við á, eða gera annars konar flutningssamning við viðskiptamann. Félagið hefur þá stöðu farmflytjanda, og kemur fram sem slíkur gagnvart viðskiptamanni.

Í farmbréfi eða flutningssamningi er félaginu heimilt að kveða á um frekari skilmála eða skilyrði vegna farmflutnings fyrir viðskiptamann.

Í farmbréfi eða flutningssamningi fyrir sjóflutning skal koma fram hvort farmflutningur félagsins er fjölþáttaflutningur eða flutningur frá höfn til hafnar.

18.2 Ábyrgð við farmflutning

Ábyrgð félagsins við farmflutning þegar félagið hefur stöðu farmflytjanda skal fara eftir flutningsskilmálum í viðkomandi farmbréfi félagsins eða flutningssamningi og gildandi lögum og reglum, að því leyti sem ákvæði laga og reglna eru ófrávíkjanleg.

Þannig skulu ófrávíkjanleg ákvæði siglingalaga um skyldur og ábyrgð farmflytjanda gilda í sjóflutningi, ófrávíkjanleg ákvæði landflutningalaga um skyldur og ábyrgð flytjanda gilda í landflutningi og ófrávíkjanleg ákvæði loftferðalaga um skyldur og ábyrgð flytjanda gilda í loftflutningi, eftir því sem við á.

Allar ábyrgðartakmarkanir og undanþágur nefndra laga skulu gilda um félagið, eftir því sem við á, og getur viðskiptamaður eingöngu notið þeirra ófrávíkjanlegu lágmarksréttinda sem kveðið er á um í framangreindum lögum.

Sé slíkt heimilt skulu ákvæði í flutningsskilmálum í viðkomandi farmbréfi félagsins eða flutningssamningi alltaf ganga frammar nefndum lögum.

Að öðru leyti skulu almenn ákvæði þessara skilmála, þar með talið reglur um ábyrgð sbr. 7. – 9. gr. skilmálanna, gilda um réttarsamband aðila, eftir því sem við á.

19. Tollmiðlun

19.1 Staða aðila og starfsleyfi

Félagið tekur að sér tollmiðlun samkvæmt skriflegri beiðni viðskiptamanns.

Félagið hefur formlegt starfsleyfi til tollmiðlunar, útgefið af tollyfirvöldum og í samræmi við tollalög. Félaginu er því heimilt samkvæmt tollalögum að koma fram fyrir hönd viðskiptamanna sem tollmiðlari gagnvart tollyfirvöldum vegna tollafgreiðslu vara við inn- og útflutning.

Með tollmiðlun hefur félagið milligöngu um tollmiðlun og tollafgreiðslu vöru í eigu viðskiptamanns. Þegar félagið annast tollmiðlun fyrir viðskiptamann kemur félagið eingöngu fram sem tollmiðlari og umboðsmaður viðskiptamanns gagnvart þriðja aðila, hvort sem er tollyfirvöldum eða öðrum. Viðskiptamaður sem eigandi vöru er því ábyrgur gagnvart tollyfirvöldum fyrir rétttri tollafgreiðslu, tollskjalagerð og greiðslu aðflutningsgjalda.

19.2 Tollmiðlunarþjónusta

Tollmiðlunarþjónusta félagsins er veitt á grundvelli þeirra upplýsinga sem viðskiptamaður veitir félaginu. Félagið skal inna tollmiðlun sína af hendi á eðlilegan og vandvirkan hátt, og skal eftir bestu getu gæta þess að tollafgreiðsla, tollskjalagerð og önnur tollmiðlun sé í samræmi við tollalög.

Telji félagið upplýsingar og/eða gögn frá viðskiptamanni vera ófullnægjandi til tollafgreiðslu vöru, þá skal félagið kalla eftir þeim gögnum sem vantar. Félaginu er heimilt fresta tollafgreiðslu og annarri tollmiðlun sér að skaðlausu þar til viðskiptamaður hefur orðið við slíkri beiðni.

Félagið skal senda viðskiptamanni afrit af öllum tollskjölum til yfirferðar eigi síðar en fimmtán (15) dögum eftir að beiðni um tollafgreiðslu hefur verið send tollstjóra.

Vakni grunur hjá félaginu um að gögn eða upplýsingar frá viðskiptamanni, eða önnur atriði í tengslum við tollmiðlun vöru hans, séu vísvitandi röng eða í bága við tollalög, þá mun félagið tilkynna slíkt til tollyfirvalda.

19.3 Umboð

Með beiðni til félagsins um tollmiðlunarþjónustu veitir viðskiptamaður félaginu fullt og ótakmarkað umboð til þess að koma fram fyrir hans hönd gagnvart tollyfirvöldum vegna tollafgreiðslu, til að undirritandi skuldbindandi yfirlýsingar í hans nafni í tollskjöl við tollafgreiðslu, og til að óska eftir skuldfærslu hjá viðskiptamanni vegna aðflutningsgjalda í samræmi við heimildir viðskiptamanns til greiðslufrests aðflutningsgjalda hjá tollyfirvöldum.

19.4 Ábyrgð við tollmiðlun

Við tollmiðlun sérstaklega ber félagið enga ábyrgð á neins konar tjóni, hvorki beinu né óbeinu, sem rekja má til eftirfarandi atriða:

- a) viðskiptaverð vöru er ekki talið uppfylla ákvæði V. kafla tollalaga;
- b) óskað hefur verið eftir bindandi áliti um tollflokkun samkvæmt tollalögum og það afturkallað eða breytt eftir kæru til yfirskattanefndar;
- c) viðskiptamaður sinnir ekki upplýsingaskyldu sinni eða beiðnum tollyfirvalda, eða vanrækir með öðrum hætti að liðsinna tollyfirvöldum við framkvæmd tollalag;
- d) tafir eða seinkanir verða við tollmiðlun.

Skaðabætur vegna tollmiðlunar sérstaklega skulu ekki vera hærrí en sem nemur fimmfaldri þóknun félagsins fyrir tollmiðlun og/eða tollafgreiðslu viðkomandi vöru. Sé ekki hægt að staðreyna þóknun félagsins og þar af leiðandi framangreinda takmörkunarfjárhæð skulu skaðabætur ekki vera hærrí en sem nemur 500 SDR vegna hvers tjóns eða fleiri tjóna ef orsök þeirra er sú sama.

Að öðru leyti skulu almenn ákvæði þessara skilmála, þar með talið reglur um ábyrgð sbr. 7. – 9. gr. skilmálanna, gilda um réttarsamband aðila, eftir því sem við á.

19.5 Greiðsla aðflutningsgjalda fyrir viðskiptamann

Félagið er ekki undir neinum kringumstæðum skylt að leggja út fyrir viðskiptamann aðflutningsgjöld og ber engin skylda til að greiða aðflutningsgjöld fyrir hans hönd, nema sérstaklega sé samið um slíka þjónustu og/eða viðskiptamaður afhendir félaginu fyrirfram nægilegt fé til þess að standa straum af slíkum greiðslum. Félagið metur hverju sinni þá fjárhæð sem viðskiptamanni þarf að greiða samkvæmt framansögðu. Félagið skal halda fénu aðskildu í bókhaldi sínu. Verði afgangur eftir að bóúið er að greiða aðflutningsgjöld og aðrar kröfur sem félagið kann að eiga á hendur viðskiptamanni skal hann endurgreiddur til viðskiptamanns.

19.6 Skyldur og ábyrgð viðskiptamanns við tollmiðlun

Viðskiptamanni ber að fara yfir öll tollskjöl sem félagið sendir honum samkvæmt grein 19.2, hvort sem þau eru skrifleg eða á rafrænu formi, og kanna hvort þau séu rétt og láta félagið vita án dráttar ef þau eru ekki nákvæm eða rétt og ráðleggja félaginu um þau atriði sem lagfæra þarf. Geri viðskiptamaður ekki athugasemd við tollflokkun vöru í tiltekið tollskrárnúmer samkvæmt tollskrá innan tíu (10) daga frá móttöku tollskjala skal gengið út frá því að hún sé rétt og að viðskiptamaður hafi samþykkt viðkomandi tollflokkun og tollafgreiðslu vörunnar.

Viðskiptamaður ábyrgist að hann hafi gilt leyfi tollyfirvalda til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, á hverjum tíma og skuldbindur sig til að tilkynna félaginu með sannanlegum hætti allar breytingar sem kunna að verða gerðar á leyfinu og/eða ef leyfið rennur út á gildistíma umboðs félagsins til tollmiðlunar.

Viðskiptamaður skal tilkynna félaginu tafarlaust með sannanlegum hætti ef vanskil verða á aðflutningsgjöldum og ef tollyfiröld synja um leyfi til tollagreiðslu.

Viðskiptamaður ber hlutlæga skaðabótaábyrgð á öllu beinu og óbeinu tjóni sem félagið verður fyrir vegna þess að upplýsingar og/eða gögn sem viðskiptamaður gaf félaginu eru rangar, villandi, ófullnægjandi eða ekki lögum samkvæmt.

Viðskiptamaður er ábyrgur fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og/eða annarra gjalda samkvæmt tollalögum. Komi til þess að félagið þurfi að greiða aðflutningsgjöld eða hvers konar aðrar greiðslur samkvæmt ákvörðun tollyfirvalda eða dómstóla vegna rangrar tollflokkunar eða ábyrgðar á grundvelli 33. gr. tollalaga eða annarra atvika, skal viðskiptamaður endurgreiða félaginu slík gjöld eða greiðslur ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum og bæta félaginu þann skaða og kostnað, þar með talið lögfræðikostnað, sem félagið hefur haft af slíkri greiðslu og halda félaginu skaðlausu af öllum afleiðingum þess. Upphaf fyrningarfrests slíkrar endurkröfu skal miðast við þann dag þegar félagið greiðir framangreind gjöld.

20. Vöruhýsing

20.1 Upplýsingaskylda viðskiptamanns

Félagið tekur að sér vöruhýsingu samkvæmt skriflegri beiðni viðskiptamanns.

Um upplýsingaskyldu viðskiptamanns gilda almenn ákvæði þessara skilmála. Við vörugeymslu ber viðskiptamaður ábyrgð á því við afhendingu vöru að öllum nauðsynlegum upplýsingum um geymslu og meðhöndlun vörunnar sé skýrlega komið á framfæri við félagið, þar með talið en þó ekki tæmandi við hvaða hitastig og/eða aðstæður geyma á vöruna.

Viðskiptamaður skal tilkynna félaginu sérstaklega stafi hætta af vöru umfram það sem hefðbundið getur talist, svo sem ef vara hefur að geyma hættuleg efni eða er

eldfim. Félagið áskilur sér rétt til þess að farga vöru fyrirvaralaust stafi hætta af henni, hún hefur leitt til skemmda á öðrum vörum eða ef varan er óhæf til geymslu. Félagið ber enga ábyrgð á tjóni viðskiptamanns við slíkar aðstæður, og skal viðskiptamaður halda félaginu skaðlausu af tjóni eða kostnaði vegna förgunar, skemmda á öðrum vörum eða öðrum kostnaði vegna förgunar samkvæmt grein þessari.

20.2 Val geymslumáta

Komi ekki fram fyrir mæli eða beiðni frá viðskiptamanni um sérstaka meðhöndlun og geymslu vöru er félaginu heimilt að geyma og staðsetja vöruna hvar sem er á geymslusvæði sínu með þeim hætti sem félagið telur henta best hverju sinni. Félaginu ber engin skylda til að opna gáma eða umbúðir vöru eða leita eftir upplýsingum frá viðskiptamanni eða þriðja manni í þeim tilgangi að ákveða hvernig geyma á vöruna.

20.3 Ábyrgðartími

Vörsluábyrgð félagsins eftir almennum reglum hefst við afhendingu vörunnar til vörugeymslu, og lýkur með afhendingu vörunnar til viðskiptamanns með áritun um móttöku, til umboðsmanns viðskiptamanns með áritun um móttöku, til flytjanda til flutnings vörunnar, eða með skriflegri tilkynningu til viðskiptamanns um lok, uppsögn eða riftun samnings aðila um vöruhýsingu.

Að öðru leyti skulu almenn ákvæði þessara skilmála, þar með talið reglur um ábyrgð sbr. 7. – 9. gr. skilmálanna, gilda um réttarsamband aðila, eftir því sem við á.

20.4 Vátryggingar

Vara viðskiptamanns skal við afhendingu til félagsins vera vátryggð fyrir bruna, vatnstjóni og þjófnaði. Vátryggingarfjárhæð skal að minnsta kosti taka til verðmætis vöru samkvæmt vörureikningi eða viðtökuskírteini, auk aðflutningsgjalda. Viðskiptamaður skal framvísa fullnægjandi vátryggingarskírteini við afhendingu vörunnar til félagsins eða síðar óski félagið þess.

Reynist vátryggingarskírteini ekki í gildi á meðan varan er í vörslum félagsins, eða varan ekki vátryggð af öðrum ástæðum, er félaginu heimilt að vátryggja vöruna á kostnað viðskiptamanns. Viðskiptamaður skal halda félaginu skaðlausu vegna beitingu slíkrar heimildar og greiða félaginu útlagðan kostnað í síðasta lagi við afhendingu vörunnar úr vörugeymslu.

Skortur á gildu vátryggingarskírteini telst veruleg vanefnd af hálfu viðskiptamanns sem heimildar félaginu fyrirvaralausa riftun samnings um þjónustuna.

21. Akstursþjónusta

Félagið tekur að sér akstursþjónustu samkvæmt skriflegri beiðni viðskiptamanns.

Almenn ákvæði þessara skilmála skulu gilda um þá akstursþjónustu sem félagið veitir viðskiptamanni. Að því leyti sem akstursþjónusta telst til landflutninga skal 18. gr. skilmálanna um farmflutning gilda um akstursþjónustuna og þar með landflutningalög um mögulega ábyrgð félagsins. Gilda þá allar ábyrgðartakmarkanir og undanþágur landflutningalaga um félagið, eftir því sem við á, og getur viðskiptamaður eingöngu notið þeirra ófrávíkjanlegu lágmarksréttinda sem kveðið er á um í framangreindum lögum.

22. Hraðsendingarþjónusta

Félagið tekur að sér hraðsendingarþjónustu samkvæmt skriflegri beiðni viðskiptamanns.

Almenn ákvæði þessara skilmála skulu gilda um þá hraðsendingarþjónustu (svo sem undir heitinu „TVG-Xpress“) sem félagið veitir viðskiptamanni. Að því leyti sem hraðsendingarþjónusta telst til flutningsmiðlunar, farmflutnings og/eða tollmiðlunar, þá skulu sérstök ákvæði skilmálanna gilda um slíka þjónustu eftir því sem við á, sbr. 17. gr. um flutningsmiðlun, 18. gr. um farmflutning og 19. gr. um tollmiðlun.

Að öðru leyti skulu viðeigandi lög gilda um mögulega ábyrgð félagsins. Gilda þá allar ábyrgðartakmarkanir og undanþágur laga um félagið eftir því sem við á, og getur viðskiptamaður eingöngu notið þeirra ófrávíkjanlegu lágmarksréttinda sem kveðið er á um í slíkum lögum.

23. Umboðsþjónusta fyrir skip

23.1 Staða aðila

Félagið tekur að sér umboðsþjónustu við skip samkvæmt skriflegri beiðni viðskiptamanns.

Við veitingu umbjóðsþjónustu fyrir skip kemur félagið eingöngu fram sem milligöngumaður og umboðsmaður viðskiptamanns gagnvart þriðja aðila, svo sem er þó ekki tæmandi einstaklingum, fyrirtækjum, yfirvöldum og stofnunum. Félagið verður ekki aðili að samningi sem það hefur milligöngu um á milli viðskiptamanns og þriðja aðila.

23.2 Umboðsþjónustan

Umbjóðsþjónusta félagsins fyrir skip er veitt á grundvelli þeirra fyrirmæla og upplýsinga sem viðskiptamaður veitir félaginu. Telji félagið fyrirmæli eða upplýsingar frá viðskiptamanni vera ófullnægjandi svo hægt sé að veita umboðsþjónustuna, þá er félaginu heimilt að fresta veitingu þjónustunnar sér að skaðlausu þar til viðskiptamaður hefur veitt frekari fyrirmæli eða upplýsingar.

Félagið skal inna umboðsþjónustu sína af hendi á eðlilegan og vandvirkan hátt, og í samræmi við beiðni og fyrirmæli viðskiptamanns. Félaginu er þó heimilt að veita eða afla viðbótarþjónustu umfram beiðni eða fyrirmæli viðskiptamanns, á hans kostnað, telji félagið það nauðsynlegt vegna beiðni viðskiptamanns.

Beiðni og fyrirmæli viðskiptamanns eru aðeins bindandi fyrir félagið hafi þau verið veitt með skýrum og skriflegum hætti og samþykkt af félaginu. Félagið hefur fullt forræði um hvort og hvernig það veitir umboðsþjónustu á grundvelli óskýrrar og/eða munnlegrar beiðni eða fyrirmæla um slíka þjónustu.

Viðskiptamaður og umsjónarmaður skips ef hann er annar en viðskiptamaður skulu veita félaginu aðgang að viðkomandi skipi og hlýða fyrirmælum félagsins svo hægt sé að veita þjónustuna með fullnægjandi og öruggum hætti, svo sem á hafnarsvæðum. Sé félaginu ekki veittur aðgangur að skipin og/eða fyrirmælum félagsins ekki fylgt er því heimilt að fresta eða hætta við veitingu þjónustunnar sér að skaðlausu.

Ákvæði þetta sem og önnur sérstök ákvæði um umboðsþjónustu gilda jafnt um félagið og þá sem koma í stað félagsins, svo sem vegna aðkeyptrar þjónustu eða undirverktöku.

23.3 Umboð

Með beiðni til félagsins um umboðsþjónustu veitir viðskiptamaður félaginu fullt og ótakmarkað umboð til þess að koma fram fyrir hans hönd gagnvart hafnaryfirvöldum, stofnunum, verslunum, birgjum, þjónustuaðilum og öðrum þriðju aðilum í tengslum við veitingu umboðsþjónustunnar.

Umboðið heimilar félaginu að undirrita skuldbindandi yfirlýsingar í nafni viðskiptamanns til hafnaryfirvalda og annarra yfirvalda eða stofnana, stofna til viðskipta hjá birgjum og þjónustuveitendum, og óska eftir skuldfærslu í nafni og á ábyrgð viðskiptamanns hjá slíkum aðilum.

Félagið ber enga persónulega ábyrgð á skuldum eða skuldbindingum sem stofnað er til í nafni viðskiptamanns á grundvelli umboðs til félagsins.

23.4 Greiðslur og kostnaður

Viðskiptamaður skal greiða fyrirfram 80% af þóknun og útlögðum kostnaði til félagsins, í samræmi við áætlun, beiðni eða reikning félagsins þess efnis. Fyrirframgreiðsluna skal reiða af hendi í síðasta lagi þremur dögum fyrir áætlaða komu skips viðskiptamanns.

Félaginu er óskilt að inna af hendi umboðsþjónustuna og/eða leggja út fyrir kostnaði vegna skuldbindinga viðskiptamanns í tengslum við þjónustuna fyrr en framangreind fyrirframgreiðsla hefur borist.

Viðskiptamanni er skylt að greiða þóknunir félagsins og allan útlagðan kostnað innan 30 daga frá útgáfu reiknings. Viðskiptamaður skal þá ekki skuldajafna eða draga frá neinar meintar kröfur eða fjárhæðir sem hann telur sig eiga inni hjá félaginu vegna umboðsþjónustunnar eða af öðrum ótengdum ástæðum.

Greiði viðskiptamaður ekki gjaldfallna kröfu og/eða reikning til félagsins í samræmi við framangreind ákvæði skal félaginu heimilt að grípa til eftirfarandi aðgerða:

- a) stöðva veitingu umboðsþjónustu þar til greiðsla hefur borist;
- b) krefjast kyrrsetningar á viðkomandi skipi til tryggingar fullnustu kröfunnar án framlagningar félagsins á tryggingu fyrir kyrrsetningu, en með veitingu framangreinds umboðs samkvæmt grein 23.3 afsalar viðskiptamaður sér slíkri tryggingu;
- c) rifta samningi við viðskiptamann um umboðsþjónustu án fyrirvara sér að skaðlausu.

Félaginu er heimilt að gefa út og viðskiptamanni skylt að greiða viðbótarreikninga vegna þóknana og/eða kostnaðar, sem gefnir eru út eftir útgáfu fyrri reiknings að ótilgreindum tíma liðnum frá veitingu þjónustunnar, svo sem vegna kostnaðar sem fellur til og rekja má til seinkana í innheimtu birgja vöru og þjónustu, hafnaryfirvalda, eða annarra yfirvalda eða stofnana.

23.5 Viðskiptamaður er milligöngumaður

Sé viðskiptamaður félagsins umboðs- eða milligöngumaður fyrir eiganda skips, útgerðarmann, leigutaka eða annan sambærilegan aðila vegna skipsins („skipsaðili“), þá ábyrgist viðskiptamaður að hann hafi fulla og ótakmarkaða heimild

frá skipsaðila til þess að koma fram fyrir hans hönd gagnvart félaginu vegna umboðsþjónustu fyrir viðkomandi skip.

Samningssamband félagsins um umboðsþjónustuna er milli félagsins og viðskiptamanns þrátt fyrir framangreinda milligöngu hans, og skal viðskiptamaður móttaka og greiða reikninga og/eða kröfur félagsins.

Viðskiptamaður og skipsaðili bera þó sameiginlega ábyrgð á greiðslu reikninga og krafna félagsins. Félaginu er því heimilt að beina reikningum og/eða kröfum sínum að hvorum aðilanum, eða þeim báðum, eftir því sem félagið kýs.

Samþykki félagið beiðni viðskiptamanns eða kjósi það sjálf að krefja skipsaðila beint um greiðslu fyrir umboðsþjónustuna, þá er félaginu ávallt heimilt að beina reikningum og/eða kröfum að viðskiptamanni í kjölfarið eða á sama tíma. Viðskiptamanni ber að halda félaginu skaðlausu við slíkar aðstæður, svo sem í eftirfarandi tilvikum:

- a) ágreiningur er um hver beri ábyrgð á greiðslu reikninga og/eða krafna;
- b) skipsaðili hefur ekki greitt ekki á gjalddaga;
- c) skipsaðili verður ógjaldfær eða gjaldþrota;
- d) félagið verður fyrir kostnaði eða tjóni vegna innheimtu reikninga og/eða krafna.

Séu milligöngumenn fleiri en einn, þá gildir ákvæði þetta jafnframt um slíka milligöngumenn eins og um viðskiptamann og skipsaðila. Viðskiptamaður, allir milligöngumenn og skipsaðili bera óskipta sameiginlega ábyrgð á greiðslu reikninga og/eða krafna félagsins, og er félaginu heimilt að innheimta kröfur sínar úr hendi hvers þeirra eftir því sem við á.

23.6 Ábyrgð við umboðsþjónustu

Sé beiðni viðskiptamanns um umboðsþjónustu afturkölluð eða breytt, eða samningi aðila rift, þá ber viðskiptamanni þrátt fyrir það að greiða fyrir pantaða þjónustu, bæði þóknunir og allan útlagðan kostnaði, nema aðilar semji sérstaklega um annað. Við slíkar aðstæður stendur fyrirframgreiðsla viðskiptamanns félaginu til greiðslu fyrir umboðsþjónustuna og útlagðan kostnað.

Við umboðsþjónustu sérstaklega ber félagið enga ábyrgð á neins konar tjóni, hvorki beinu né óbeinu, sem rekja má til eftirfarandi atriða:

- a) ófullnægjandi upplýsinga eða fyrirmæla viðskiptamanns;
- b) vöru eða þjónustu verktaka eða annars þriðja aðila;
- c) umboðsþjónustan er haldin göllum af ástæðum sem ekki verða raktar til félagsins;
- d) tafa eða seinkana við veitingu þjónustunnar, hvort sem slíkar tafir verða raktar til félagsins eða annarra aðila, svo sem hafnaryfirvalda, stofnana eða birgja vöru og þjónustu.

Skaðabætur vegna umboðsþjónustu fyrir skip sérstaklega skulu ekki vera hærrí en sem nemur fimmfaldri þóknun félagsins umboðsþjónustu við viðkomandi skip. Sé ekki hægt að staðreyna þóknun félagsins og þar af leiðandi framangreinda takmörkunarfjárhæð skulu skaðabætur ekki vera hærrí en sem nemur 500 SDR vegna hvers tjóns eða fleiri tjóna ef orsök þeirra er sú sama.

Að öðru leyti skulu almenn ákvæði þessara skilmála, þar með talið reglur um ábyrgð sbr. 7. – 9. gr. skilmálanna, gilda um réttarsamband aðila, eftir því sem við á.

23.7 Úthýsing verkefna og undirverktaka

Félaginu er heimilt fá þriðja aðila, svo sem undirverktaka, til þess að annast umboðsþjónustuna að hluta til eða öllu leyti. Úthýsing verkefna eða undirverktaka hefur engin áhrif á rétt félagsins til þóknunar eða greiðslu útlagðs kostnaðar frá viðskiptamanni. Félagið ber í slíkum aðstæðum enga ábyrgð á vanrækslu, mistökum, tjóni eða kostnaði sem þriðji aðili veldur viðskiptamanni eða öðrum.

24. Aðrar sérlausnir

Almenn ákvæði þessara skilmála skulu gilda um þær sérlausnir sem félagið veitir viðskiptamanni og ekki er fjallað sérstaklega um í skilmálum þessum.

Að því leyti sem sérlausn fellur undir sérstaka þjónustutegund, til dæmis flutningsmiðlun, farmflutning og/eða tollmiðlun, þá fer eftir sérstökum ákvæðum skilmálanna um slíka þjónustu eftir því sem við á, svo sem um stöðu og ábyrgð félagsins. Að öðru leyti skulu viðeigandi lög gilda. Gilda þá allar ábyrgðartakmarkanir og undanþágur laga um félagið eftir því sem við á, og getur viðskiptamaður eingöngu notið þeirra ófrávíkjanlegu lágmarksréttinda sem kveðið er á um í slíkum lögum.

25. Óvissa um þjónustu

Leiki vafi á því hvers konar þjónustu viðskiptamaður hefur óskað eftir að félagið taki að sér eða misræmi er í beiðnum viðskiptamanns til félagsins um þjónustu eða ekki liggur fyrir skrifleg beiðni frá viðskiptamanni um tiltekna þjónustu skal ganga út frá því að félagið hafi tekið að sér flutningsmiðlun fyrir viðskiptamann, sbr. 17. gr. skilmála þessara.